



Íslenska 503

Nafn _____ Kennitala _____

() Halldís () Auður

Vetrareinkunn 40% _____

Lokapróf 60% _____

Heildareinkunn _____

Prófið er á 14 blaðsíðum auk forsíðu.

I. Merkið við rétt svar (10%)

1. Í ljóðinu stendur ljómælandi á ströndinni og þráir að komast burt með grágæsamóðurinni. Við hvaða ljóð er átt?
 Ég bið að heilsa eftir Jóhann Jónsson
 Heimþrá eftir Jóhann Sigurjónsson
 Svartar fjaðrir eftir Davíð Stefánsson
 Ljáðu mér vængi eftir Huldu

2. Hvaða stjórnmálamaður var harðasti fulltrúi hefðarinnar í íslenskum kveðskap og deildi bæði á félagslegt raunsæi og módernisma?
 Bjarni Benediktsson
 Eysteinn Jónsson
 Steingrímur Hermannsson
 Jónas Jónsson frá Hriflu

3. Hver þessara tímarita komu út á tímum félagslegs raunsæis?
 Vaka og Rauðir pennar
 Birtingur og Vaka
 Dagskrá og Birtingur
 Rauðir pennar og Dagskrá

4. Hvaða bók Halldórs Laxness markaði upphaf að félagslegu raunsæi í ritum hans?
 Vefarinn mikli frá Kasmír
 Alþýðubókin
 Barn náttúrunnar
 Sjömeistarasagan

5. Hver var einn aðalljóðapýðandinn á fjórða áratugnum og þýddi meðal annars Síðasta blómið eftir James Thurber?
 Helgi Hálfðanarson
 Guðmundur Daniélsson
 Magnús Ásgeirsson
 Einar Bragi

6. Hvað á síst við um söguna Sögu handa börnum?
 Hún er eftir Svövu Jakobsdóttur.
 Börnin skera líffæri og útlím af móður sinni.
 Börnin iðrast þegar móðir þeirra kemur með hjartað.
 Í henni er deilt á viðhorf til kvenna.


7. Oft gerist það að börn skálda verða líka skáld. Hverjir eru ekki feðgar eða feðgin af eftirtöldum skáldum?
- _____ Jökull Jakobsson og Elísabet Jökulsdóttir
 _____ Guðmundur Böðvarsson og Böðvar Guðmundsson
 _____ Indriði G. Þorsteinsson og Arnaldur Indriðason
 _____ Stefán frá Hvítadal og Davíð Stefánsson
8. Hvaða stefnu má lýsa svo og í hvaða skáldsögu má finna áhrif hennar að sögn höfundarins sjálfs?
 Stefnan byggir á skoðun um æðri raunveruleika sem er fölginn á vanræktum sviðum vitsmunalífsins. Ekkert er lagt upp úr röklegu samhengi heldur er lögð áhersla á óheftan leik hugsunarinnar og mörk milli draums og raunveruleika hverfa.
- _____ expressjónisma í Kaldaljósi eftir Vigdís Grímsdóttur
 _____ töfraraunsæi í Skugga-Baldri eftir Sjón
 _____ súrrealisma í Vefaranum mikla frá Kasmír eftir Halldór Laxness
 _____ absúrdisma í Drengnum með röntgenaugun eftir Sjón
9. Hvað á síst við um ljóðið Bikarinn?
- _____ Það er eftir Jóhann Sigurjónsson.
 _____ Það er dýrðaróður til vínguðsins.
 _____ Hann saknar horfinna tíma.
 _____ Dauðinn virðist ekki langt undan.
10. Hver eftirtalinna höfunda hefur ekki hlotið Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs?
- _____ Ólafur Jóhann Sigurðsson
 _____ Fríða Á. Sigurðardóttir
 _____ Einar Már Guðmundsson
 _____ Þórarinn Eldjárn

II. Hvaða ljóði er lýst og hver er höfundur þess? (6%)

Í ljóðinu kvartar höfundur yfir litleysi daganna. Hann saknar horfinnar tíðar og veltir fyrir sér hvenær hann og samferðarmenn hans urðu eins og svefngöngur vanans.

Nafn ljóðs _____

Höfundur _____



V.Svarið krossaspurningum tengdum þessum ljóðum. (4%)

Þjóðhátíð 1954

Nei, það voru ekki steinar,
sem vér hentum að yður,
þér verðir réttlætisins,
aðeins veik orð
og hjörту vor
vængjuð sársauka:
því þér vissuð ekki hvað þér voruð að
gjöra.

Þér hafið dæmt okkur í fjötra.
Og við,
sem ætluðum að gefa særðum heimi
pening hinnar fátæku ekkju,
við borðum nú
hið súra brauð
þrjátíu silfurdala.

Og samt hafið þér
boðið oss til fagnaðar.
Það er dansað á torgum
og ættjarðarljóðin
eru loks goldin
háu verði.

En framhjá gleði yðar,
með harm í augum
gengur Fjallkonan
við betlistaf.
Jón úr Vör

37

Lágmælt orð
ljóðsins, þau troðast undir

í styrjöldum – einnig
í stórkarlalegu þusi
upplausnartíma þegar dagarnir
eru á dreif eins og fjúkandi hey.

Lágmælt orð
ljóðsins. En þau gróa
aftur í sviðinni jörð
járns og stóryrða.
Hannes Pétursson

Yfirlýsing

líf mitt
er ekki laugardalsvöllur
að þú getir leikið þér
í fótbolta
með tilfinningar mínar

líkami minn er ekki vesturbæjarlaug
að þú getir svamlað þar
þér til hressingar
gegn vægu gjaldi ástarorða

hjarta mitt er ekki aðalbókasafnið
að þú getir sótt þangað
þær kenndir
sem falla best að smekk þínum

í stuttu máli
heyri ég ekki undir félagslega þjónustu
í reykjavík
heldur er ég kona
bý í skerjafirði
og á mig sjálf
Magnea Matthíasdóttir

- a) _____ Í einu ljóðanna er a.m.k. þrisvar vísað í frásagnir úr Biblíunni.
_____ Í einu ljóðanna er vísað í Biblíuna en í öðru í norræna goðafræði.
_____ Í öllum ljóðunum er vísað í frásagnir tengdar kristinni trú.
_____ Í tveimur ljóðanna er vísað í Biblíuna.
- b) _____ Í einu ljóðanna er talið víst að ljóðið glattist endanlega í veröld
stríðsátaka..
_____ Í öllum ljóðunum er deilt á valdniðslu.
_____ Í einu ljóðanna er deilt á herstöðvarsamninginn.
_____ Í einu ljóðanna er kona sem saknar ástmanns síns mælandinn.
- c) _____ Í öllum ljóðunum eru myndhverfingar eða hlutgervingar.
_____ Í öllum ljóðunum eru persónugervingar.
_____ Endurtekningar einkenna stíl allra ljóðanna.
_____ Andstæður einkenna stíl allra ljóðanna.

**IX. Nefnið og sýnið helstu myndmáls- og stíleinkenni í þessum ljóðum.
Athugið að fleiri en eitt atriði eru í sumum dæmunum. (3%)**

álfadans

grundvöllurinn gljáfægður
flögra brosmild viðhorfin
tími til að tendra merkikertin

staðreyndirnar nýþvegnar
freyðir léttdrukkinn vandinn
svífur að lofkór sjálfumgleðinnar

en hinkrið við
umskiptingarnir taka senn völdin
þótt villst hafi of lengi í mannheimum
(Geirlaugur Magnússon)

Tíminn og tertan

Tíminn er eins og terta
og tertan, hún bragðast vel
eins og tunga mín sjálfs.

Og tíminn er eins og brauð
sem er bakað af tertunni
og mér til hálf.

Og tíminn og tertan
(og brauðið líka)
renna meltingarveginn
í maga mín sjálfs.
(Hallgrímur Helgason)

L'homme statue

Ég stóð á miðju torgi,
ég var tákn mín sjálfs
og fólkið starði og starði.

Það þokaði sér nær mér
og þekkti mig til hálf,
svo fór fyrir en varði.

Mitt leyndarmál er auður
sem ég lét því ekki í té.

Ég er lifandi, og dauður.
(Steinn Steinarr)

XIII. Merkið við rétt svar (10%)

1. Hann orti ljóð þar sem hann skopstældi ljóð annarra m.a. Davíðs Stefánssonar. Síðar skrifaði hann sögur þar sem hann sjálfur er gjarnan aðalpersónan. Hver var hann?

- Þórbergur Þórðarson
- Halldór Stefánsson
- Dagur Sigurðarson
- Guðmundur G. Hagalín

2. Hver þessara skálda skrifuðu aðallega á öðrum tungumálum en íslensku?

- Jóhann Jónsson, Jóhann Sigurjónsson og Gunnar Gunnarsson
- Kristmann Guðmundsson, Jóhann Gunnar Sigurðsson og Guðmundur Kamban
- Guðmundur G. Hagalín, Jónas Guðlaugsson og Guðmundur Kamban
- Jóhann Jónsson, Jóhann Sigurjónsson og Stefán frá Hvítadal

3. Hvað lýsir best ljóðinu Krumma eftir Davíð Stefánsson?

- Í því er deilt á valdsmenn sem eru eins og hrafnar á þingi.
- Samúðin er með þeim sem er öðruvísi en fjöldinn.
- Ljóðið er lofgerð um íslenska náttúru.
- Krummi stal eggjum lóunnar.

4. Hvað á síst við um ljóð Steins Steinars Utan hringsins?

- Það er ástarljóð.
- Í því er fjallað um þann sem er einmana.
- Í því er deilt á misrétti.
- Í því eru notaðar endurtekningar og andstæður.

5. Hvað af þessu á ekki við um nýrómantík?
 Áhersla er lögð á sterkar tilfinningar.
 Mikil bölsýni einkenndi mörg verk.
 Gamlir hættir voru endurnýjaðir.
 Áhersla er lögð á baráttu fyrir betri kjörum.
6. Hann var meistari í að láta hversdagslega ræðu standa í ljóðstöfum og orti fyrstur manna um feður Reykjavíkur. Hver var hann?
 Stefán frá Hvítadal
 Jóhann Jónsson
 Davíð Stefánsson
 Tómas Guðmundsson
7. Fyrir hvað er Halldór Stefánsson þekktur?
 ljóðapýðingar
 leikrit
 skáldsögur
 smásögur
8. Hann var í hópi atómskáldanna og gaf m.a. út bók sem bar nafnið Hliðin á sléttunni. Í ljóði, sem lesið var, fjallar hann um að forfeður okkar séu skuggar okkar. Hver var hann?
 Stefán Hörður Grímsson
 Jóhann Sigurjónsson
 Þórarinn Eldjárn
 Guðmundur Böðvarsson
9. Hvert þessara skálda tilheyrði skáldahóp sem kallaður var Medúsa?
 Vigdís Grímsdóttir
 Steinunn Sigurðardóttir
 Sjón
 Megas
10. Hvað á ekki við um Listaskáldin vondu?
 Hjá þeim ber mikið á fjarstæðukenndu gríni og skopstælingum.
 Þau efndu til samkomu í Háskólabíói 1976.
 Steinunn Sigurðardóttir, Pétur Gunnarsson og Þórarinn Eldjárn voru í þeim hópi.
 Töfraraunsæi og súrrealismi voru aðaleinkenni þeirra.